



Fréttatilkynning  
05 January 2023 16:52:00 GMT

## Tilkynning frá tilnefningarnefnd Arion banka

Samkvæmt fjárhagsdagatali Arion banka fyrir árið 2023, verður aðalfundur bankans haldinn þann 15. mars 2023 kl. 16.00.

Tilnefningarnefnd Arion banka gegnir ráðgefandi hlutverki vegna kjörs til stjórnar bankans og leggur fram rökstudda tillögu á þeim hluthafafundum þar sem kjör stjórnarmanna er á dagskrá, varðandi þá frambjóðendur sem tilnefningarnefndin telur best til þess fallna að taka sæti í stjórn bankans. Nánari upplýsingar um hlutverk tilnefningarnefndarinnar má finna í starfsreglum nefndarinnar, sem eru aðgengilegar [hér](#).

Tilnefningarnefnd Arion banka óskar nú eftir framboðum til stjórnar Arion banka. Frestur til þess að skila inn umsókn til tilnefningarnefndarinnar rennur út þann 15. febrúar 2023 kl. 16.00, en tilnefningarnefndin mun ekki leggja mat á framboð sem berast eftir þann tíma. Fyrirhugað er að tilnefningarnefndin muni birta tillögu sína eigi síðar en 1. mars 2023.

Frambjóðendur sem vilja skila inn framboði til tilnefningarnefndarinnar eru beðnir um að fylla út sérstakt eyðublað, sem er aðgengilegt [hér](#), og senda til nefndarinnar á netfangið [nominationcommittee@arionbanki.is](mailto:nominationcommittee@arionbanki.is).

Athugið að störf tilnefningarnefndarinnar og skilafrestur umsókna til hennar takmarka ekki rétt frambjóðenda til að skila inn framboðum til stjórnar bankans áður en almennur framboðsfrestur rennur út, sem er fimm (5) dögum fyrir aðalfund bankans, þ.e. þann 10. mars 2023 kl. 16.00.

### Viðhengi

---

[Tilkynning frá tilnefningarnefnd Arion banka](#)